



EFTA og Georgía undirrita sameiginlega yfirlýsingu um samstarf

FRÉTTATILKYNNING ⁽¹⁾

Gstaad – 28. júní 2012 – Ráðherrar frá aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu, Íslandi, Liechtenstein, Noregi og Sviss, og frá Georgíu undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu um samstarf hinn 28. júní 2012 í Genf í Sviss. Með yfirlýsingunni heita aðilar að efla frekar tvíhliða efnahagstengsl sín í milli. Sameiginleg nefnd mun funda með reglulegu millibili til að fjalla um atriði sem skipta máli.

Sameiginlega yfirlýsingu EFTA og Georgíu um samstarf undirrituðu Johann Schneider-Ammann, yfirmaður efnahagsráðuneytis Sviss, Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra Íslands og ráðherra utanríkisviðskipta, Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtensteins, og Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, fyrir hönd EFTA, og Vera Kobalia, ráðherra efnahagsmála og sjálfbærrar þróunar, fyrir hönd Georgíu.

Efnahagstengsl milli EFTA-ríkjanna og Georgíu

Andvirði heildarvöruviðskipta milli EFTA-ríkjanna og Georgíu (inn- og útflutningur) nam 77 milljónum Bandaríkjadala á árinu 2011. EFTA-ríkin fluttu út vörur til Georgíu fyrir 43 milljónir Bandaríkjadala en fluttu inn vörur fyrir 35 milljónir dala. Innfluttar vörur frá Georgíu voru aðallega jarðefnaeldsneyti/olía og ál og tengdar vörur. Helstu útflutningsvörur EFTA-ríkjanna voru m.a. lyfjavörur, klukkur og úr og fisk- og sjávarafurðir. Viðskiptin hafa aukist umtalsvert á síðustu árum, en frá 2007 hafa þau vaxið að meðaltali um 46% á ári.

EFTA sem viðskiptafélagi

EFTA-ríkin hafa komið á fót einhverju umfangsmesta neti ívilnandi viðskiptatengsla um heim allan. EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við 33 lönd, til viðbótar þeim sem gerðir hafa verið við Evrópusambandið, sem er mikilvægasti viðskiptaaðili EFTA-ríkjanna. Fríverslunarviðræður við allnokkra samstarfsaðila standa nú yfir. Sameiginlegar yfirlýsingar um samstarf hafa verið gerðar við sjö ríki að auki.

⁽¹⁾ Óopinber þýðing EFTA-skrifstofunnar úr ensku.